

1288. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. febrúar 2026, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Jennifer Schröder.

Mætt á fjarfund: Selma Björk Grétarsdóttir.

Næsti fundur: 11. mars 2026.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, bauð stjórnarfólk velkomið og setti fund.

1. Fundargerð 1287. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1287. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. Kjaramál – staðan

Halla fór yfir nýafstaðinn fund VR og Samtaka iðnaðarins um stöðu húsnæðismála sem haldinn var í byrjun febrúar. Markmið hans var að halda málaflöknum í umræðu og setja þrýsting á stjórnvöld. Vel hafi tekist til að vinna þetta saman.

Hún fór því næst yfir stöðuna í endurskoðun á örorkulífeyriskerfinu en búið er að stilla upp fyrirkomulagi örorkusjóðs og er verið að setja saman vinnuhóp um fyrirkomulag snemmtækrar íhlutunar. Þórarinn Þórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs VR, mun sitja í þeim hópi en hann er hefur mikla reynslu í þessum málaflökki.

Hvað varðar stöðuna í umræðum við Icelandair um breytingar á vaktafyrirkomulagi hefur lítið þokast en viðræður halda áfram. Sáttasemjari hefur stigið inn í málið og



sett saman minni vinnuhóp sem á að fara yfir allar mögulegar sviðsmyndir. Verið er að safna saman hugmyndum og vega og meta kosti þeirra.

Halla benti stjórnarfólki á hlaðvarp VR um efnahagsmál en tveir þættir hafa þegar komið út. Í hlaðvarpinu ræða Halla og Ásgeir Brynjar Torfason, hagfræðingur og ritstjóri Vísbendingar, um efnahagsmál á mannamáli.

Seint í febrúar stendur Félag atvinnurekenda fyrir málþingi um veikindarétt og óskaði eftir þátttöku VR. Umræða um veikindarétt er hávær en mikilvægt er að slíkt málþing snúist ekki um meinta misnotkun á veikindaréttinum. VR lítur svo á að veikindi séu einkamál launafólks en það sé mikilvægt að það sé næmni fyrir stöðunni af hálfu atvinnurekenda og traust ríki milli aðila. Atvinnurekendur hafi áhyggjur af auknum veikindum á uppsagnarfresti og málin flækjast þegar traustið er farið. Uppsagnir hafa hins vegar mikil áhrif á launafólk sem sumt leggst í veikindi. VR vill að hlutaveikindi verði heimil og það verði samningsmarkmið félagsins í næstu kjaraviðræðum þegar kemur að veikindaréttinum. Vinnusambandið er afar mikilvægt þegar launafólk á í veikindum og því brýnt að halda því. Halla benti á að kannanir VR sýni að stór hluti launafólks mætir til vinnu þó það sé veikt, m.a. til að valda ekki auknu álagi á samstarfsfólk sitt eða vegna ótta um starfsöryggi sitt. Hún sagði veikindaréttinn eiga undir högg að sækja, jafnvel sé rætt um að skerða eigi þennan rétt.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir kl. 17:40.

Umræður

Styrmir Jökull Einarsson mætir kl. 17:45.

Halla fjallaði því næst um stöðu leikskólamála en hún fundaði með Krístrúnu Frostadóttur forsætisráðherra í vikunni og gerði henni grein fyrir stöðu mála og þeim grundvallarbreytingum sem verið er að gera á leikskólum víða um land. Halla fór á fund með stéttarfélögum á norðanverðu landinu þar sem gerðar hafa verið miklar breytingar á starfsumhverfi leikskólanna og leikskólagjöld verið tekjutengd sem hafi í för með sér miklar hækkanir stórra hópa. Kannanir sýni að mikil óánægja sé meðal foreldra með þessar breytingar sem margir þurfi að breyta vinnutíma sínum til að koma til móts við þær.

VR hefur verið boðað á fund með borgaryfirvöldum til að ræða tillögur Reykjavíkurborgar þegar kemur að breytingum á starfsumhverfi leikskólanna en þær tillögur munu umblyta leikskólum borgarinnar og auka álögur og álag á foreldra.

Þá ræddi Halla um komandi sveitarstjórnarkosningar og hverjar áherslur VR eigi að vera. Hún benti á að síðustu kjarasamningar hafi átt að léttu undir með barnafólki sem margt er í viðkvæmri stöðu með háan húsnæðiskostnað, hækkandi kostnað við leikskóla og önnur barnatengd mál. Halla lagði til að félagið myndi leggja áherslu á stöðu þessa hóps í komandi kosningum, m.a. með því að gera könnun meðal félagsfólks með ung börn og spyrja það um kjör þess og aðstæður.

Umræður

Í umræðum var samþykkt tillaga Höllu um áherslur í kosningunum og að gera könnun meðal félagsfólks.

Að lokum fór Halla yfir stöðuna í ágreiningi VR og SA um útreikning á launatöflum sem nú er fyrir félagsdómi. Dóms er að vænta á morgun [12.02.2026].

3. Forsendur kjarasamninga, verðbólga og vextir

Fyrir fundinum lá skjalið „3.0 Forsendur kjarasamninga, verðbólga og vextir“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fjallaði um málið á glærum. Hann fór yfir forsenduákvæði kjarasamninga sem á þessu ári eru að 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 mælist ekki yfir 4,7% og að verðbólga á 6 mánaða tímabili, frá mars til ágúst 2026, verði 4,4% eða lægri miðað við árs hraða. Atvinnulífið hefur þannig sex mánuði til að laga ástandið og koma í veg fyrir forsendubrest.

Ef forsendur bresta, ræðir forsendunefnd um möguleg viðbrögð, en ef ekki næst samkomulag getur sá aðili sem vill uppsögn samningsins tilkynnt um það fyrir kl. 16:00 þann 8. október 2026. Þá fellur samningurinn úr gildi þann 31. október.

Hvað varðar þróun verðbólgu benti Stefán á að hún hafi verið 6,8% þegar skrifað var undir og lægst hafi hún farið í 3,77% í mars 202. Í dag er verðbólgan 5,2%. Stefán fór yfir hverjir helstu drifkraftar verðbólgunnar eru, reiknuð húsaleiga, matur og bifreiðar og farþegaflutningar, einkum flug. Hann benti á að þegar kemur að matnum sé einkum um að ræða hækkanir á innlendum mat, ekki innfluttum. Það er hins vegar jákvætt að dregið hefur úr hækkunarferli reiknaðrar húsaleigu.

Kjarasamningar voru gerðir með væntingar um lækkun stýrivaxta í kjölfarið, þeir hafa lækkað aðeins, úr 9,25% við gerð kjarasamninga í 7,25% en engan veginn í takt við það sem vonast var eftir. Ef verðbólga þróast áfram með sama hraða og á síðasta ári stefnir í forsendubrest.

Halla sagði efnahags- og skattanefnd ASÍ hafa fundað um stöðuna. Seðlabankinn vísi stöðugt í launahækkanir, sem sjáist til dæmis ekki hjá VR. Hagfræðingar sambandsins munu skoða það launaskrið sem verið hefur, hvar það liggur og hve mikið. Hreyfingin þarf að sammælast um hernig á að mæta þessum orðum bankans.

Hávaxtastefnan er að kreista lífið úr þeim sem þegar standa höllum fæti. Það eru vísbendingar um aukinn ójöfnuð kynslóða sem og misskiptingu innan kynslóða, t.d. hjá ungu fólki sem sumt hefur gott bakland í fjölskyldu en annað hefur engan stuðning. Staðan sé alvarleg.

Og í þriðja lagi er vaxandi atvinnuleysi, þó sumt sé árstíðarbundið sést engin fækkun í hópi þeirra sem glíma við langtímaatvinnuleysi á sama tíma og stjórnvöld eru að leggja fram tillögur um að skerða réttindi til atvinnuleysistrygginga.

Umræður

4. Starfsreglur viðræðunefndar

Fyrir fundinum lágu skjölin „4.0 Starfsreglur viðræðunefndar VR“ til samþykktar og „Tímalína kjarasamninga 2028“ til kynningar.

Gabriel Benjamin, formaður kjaramálanefndar, fór yfir tillögu að starfsreglum fyrir viðræðunefnd félagsins í kjarasamningum. Mikilvægt sé að skerpa á hlutverki samningnefndar sem muni skipa viðræðunefnd úr stjórn, þegar nær dregur samningum.

Stjórn félagsins verði áfram samninganefnd félagsins og bakland viðræðunefndar, umboð til samninga væri stjórnar.

Umræður

Að umræðum loknum var tillaga um starfsreglur viðræðunefndar lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

Starfsreglur viðræðunefndar eru sem hér segir:

1. gr. Hlutverk

Samninganefnd VR fer með samningsumboð félagsins við kjarasamningagerð í samræmi við 17. gr. laga VR. Samninganefnd felur viðræðunefnd ákveðið hlutverk við gerð aðalkjarasamninga VR við Samtök atvinnulífsins (SA) og Félag atvinnurekenda (FA).

Hlutverk viðræðunefndar er:

- Að koma fram fyrir hönd samninganefndar VR í viðræðum við SA og FA.
- Að setja fram kröfur félagsins gagnvart viðsemjendum og vera í viðræðum við þá.
- Að móta stefnu, áherslur og forgangsröðun í undirbúningi kjaraviðræðna við atvinnurekendur og samtök þeirra. Stefna, áherslur og forgangsröðun skal samþykkt af samninganefnd VR.
- Að móta verklag hvernig kröfugerð félagsins verði unnin. Samninganefnd VR þarf að samþykkja verklag við mótun kröfugerðar.
- Að ákveða hvaða greiningar og undirbúningsverkefni fyrir kjaraviðræður skuli unnin af starfsfólki VR eða öðrum sérfræðingum.
- Að tryggja að sjónarmið ólíkra hópa innan félagsins endurspeglast í kjaraviðræðum og undirbúningi þeirra.
- Að gera tillögu til samninganefndar um samstarf við önnur félög í verkalyðshreyfingunni og koma fram fyrir hönd samninganefndar gagnvart þeim.
- Að vera bakland fyrir formann vegna viðræðna og samstarfs við önnur stéttarfélög.
- Að vinna saman sem ein heild og taka þátt í þeirri fræðslu sem nefndinni stendur til boða og tengist verkefnum hennar.



Umboð viðræðunefndar nær ekki til meiriháttar ákvarðana svo sem vísun á deilu til ríkissáttasemjara, að lýsa yfir árangursleysi í viðræðum, samstarfi við önnur stéttarfélög eða boðun á atkvæðagreiðslu um verkföll. Slíkar ákvarðanir skulu teknar af samninganefnd.

2. gr. Skipun nefndarinnar

Skipa skal í nefndina einu ári áður en aðalkjarasamningur við SA rennur út. Bíða má með skipun nefndarinnar ef þörf krefur vegna stjórnarkosninga.

Skipunartími nefndarinnar rennur út þegar félagsfólk hefur í atkvæðagreiðslu samþykkt þann kjarasamning sem viðræðu- og samninganefnd vann að.

Formaður VR er formaður viðræðunefndar og gerir tillögu til samninganefndar um 2–4 aðra fulltrúa í nefndina úr stjórn VR. Við val á fulltrúum í nefndina skal formaður VR gæta þess að fulltrúar búi yfir hæfni og hafi tíma til að sinna störfum hennar.

Ef farið er í sameiginlegar í viðræður með Landssambandi Íslenskra verzlunarmanna getur fulltrúi LÍV átt sæti í nefndinni.

Viðræðunefnd kýs sér varaformann sem getur stýrt fundum nefndarinnar í forföllum formanns. Ritari nefndarinnar er starfsmaður VR.

3. gr. Verklag nefndarinnar

Nefndarfólk hefur þá skyldu að setja sig vel inn í mál sem lögð eru fram og eru til umræðu í tengslum við kjarasamningagerð. Einnig er lögð sú skylda á nefndarfólk að mæta á alla fundi sem boðaðir eru vegna kjaraviðræðna.

Launanefnd VR setur reglur varðandi greiðslur vegna launataps og annarra kjaraskerðinga sem nefndarfólk verður fyrir vegna vinnu í kjaraviðræðum.

Viðræðunefnd setur sér fundar-, verk- og tímaáætlun. Starfsfólk VR undirbýr fundi nefndarinnar í samráði við formann ásamt því að rita fundargerðir funda.

Viðræðunefnd skal starfa sem ein heild og leitast við að ákvarðanir séu teknar sameiginlega af öllu nefndarfólki. Ef ágreiningur er uppi um mál ræður meirihluti nefndarinnar niðurstöðu þess. Ef greiða þarf atkvæði í nefndinni skal upplýsa samninganefnd í hverju ágreiningur felst og hver niðurstaða nefndarinnar var.

Ef VR fer í samflot með öðrum stéttarfélögum í kjarasamningaviðræðum velur nefndin hvaða fulltrúar taka þátt í þeim viðræðum. Formaður skal alltaf vera í forsvari fyrir viðræðunefndina í slíku samstarfi. Leitast skal við að VR eigi að lágmarki rétt á tveimur fulltrúum í sameiginlegum viðræðuhópi stéttarfélaga.

Nefndin getur kallað til starfsfólk VR, trúnaðarmenn, stjórnarfólk eða aðra sérfræðinga til aðstoðar við samningaviðræður.

Nefndin skal skipa verkefnastjóra úr hópi starfsfólks VR og skal hann hafa góða yfirsýn yfir allar viðræður sem í gangi eru. Verkefnastjóri er ekki beinn þátttakandi í viðræðunum. Ef verkefnastjóri er ekki viðstaddur fundi skal nefndarfólk og starfsfólk upplýsa verkefnastjóra, svo fljótt sem verða má, um gang viðræðna sem þeir taka þátt í. Verkefnastjóri skal halda vel utan um niðurstöðu funda og tryggja framgang þeirra verkefna sem ákveðið er að vinna að.

4. gr. Upplýsingagjöf

Viðræðunefnd heldur samninganefnd VR vel upplýstri á öllum stigum samningaviðræðna og leitar eftir afstöðu hennar þegar fram koma tillögur sem taka þarf afstöðu til.

Formaður VR er talsmaður félagsins út á við. Formaður fer fyrir samskiptum við fjölmiðla, viðsejendur, stjórnvöld og önnur stéttarfélag. Ef annað nefndarfólk á í samskiptum við framangreinda aðila um málefni samninga skal það ætíð gert á grunni sameiginlegrar afstöðu viðræðunefndarinnar. Ávallt skal upplýsa viðræðunefnd og verkefnastjóra um slík samtöl.

Viðræðunefnd metur með samninganefnd félagsins hvenær þörf er á að upplýsa trúnaðarráð og félagsfólk um gang viðræðna.

Viðræðunefnd skal halda trúnað um allt sem fram fer á samningafundum.

5. gr. Breytingar á reglunum

Reglur þessar er settar af stjórn VR. Breytingar verða aðeins gerðar af stjórn VR.

Umræður

Að umræðum loknum var tillagan lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

Stefán kynnti því næst drög að tímalínu kjarasamninga 2028.

5. Aðalfundur VR 2026

Fyrir fundinum lágu skjölin „Aðalfundur VR 2026 Minnisblað“, „Tillaga að stjórnarlaunum 2026 – 2027 minnisblað“, „5.2 Reglugerð VR varasjóður tillögur a' breytingum“ og „Tillögur að lagabreytingum á aðalfundi VR“ til umfjöllunar og samþykktar.

Halla fór yfir tillögu að fyrirkomulagi aðalfundar 2026, að fundarstjóra undanskildum sem á eftir að skipa, sem hér segir:

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Steinunn Böðvarsdóttir

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Tillaga liggur fyrir þegar lokið hefur verið við ársreikning VR fyrir árið 2025. Í áætlun 2026 var gert ráð fyrir að framlag í VR varasjóð yrði óbreytt milli ára eða 1.050 m.kr. Skipting milli sjóða er áætluð: Sjúkrasjóður 750 m.kr. og Orlofssjóður 300 m.kr.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að PWC sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2026.

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Þóru Skúladóttur Öfjörð og Svein Enok Jóhannsson sem skoðunarmenn og Kristján Gísli Stefánsson sem varaskoðunarmann VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Sjá minnisblað frá launanefnd

Tillögur um lagabreytingum:

Sjá minnisblað um tillögur að lagabreytingum sem stjórn hefur samþykkt

Tillögur að breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR:

Sjá tillögur sem teknar verða fyrir á stjórnarfundum 11. febrúar 2026

Tillögur að breytingu á reglugerð VR varasjóðs:

Sjá tillögur að breytingu á reglugerð VR varasjóðs

Tillögur að veitingu gullmerkja:

Tillaga að veita, Auði Búadóttur, Sigurði Sigfússyni og Steinari J. Kristjánssyni gullmerki félagsins.

Auður Búadóttir var starfsmaður VR í 26 ár

Sigurður Sigfússon sat í trúnaðarráði í 33 ár og í stjórn og varastjórn í 30 ár

Steinar J. Kristjánsson sat í stjórn og trúnaðarráði í 16 ár

Farið var yfir tillögu launanefndar um stjórnarlaun.

Í umræðum komu fram tvær tillögur að breytingum sem lagðar voru fyrir fundinn.

Tillaga #1.

Lagt er til að fella úr tillögu launanefndar ákvæði um að formaður orlofsstjórnar fái 1,5 stjórnarlaun.



Tillagan var lögð fyrir fundinn og samþykkt með 12 atkvæðum geng tveimur. Einn sat hjá.

Þá var lagt til að stjórnarlaun taki breytingum í takt við kjarasamninga. Í tillögu launanevndar er lagt til að stjórnarlaun hækki í takt við launavísitölu VR, um 5,4%.

Tillagan var lögð fyrir fundinn og var felld. Þrjú greiddu atkvæði með tillöggunni en 10 á móti. Einn sat hjá.

Tillaga launanevndar um stjórnarlaun með samþykktum breytingum er svohljóðandi (breytingar merktar með yfirstrikun og rauðu):

Aðalfundur VR, haldinn á Grand hóteli miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að stjórnarlaun verði 85.464 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum.

Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, ~~formaður Orlofsstjórnar VR~~ og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 7.172 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki tímakaup vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, eða fyrir setu í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir. Greiðsla þessi jafngildir launatapi sem stjórnarfólk verður fyrir en að lágmarki greiðist tímakaup sem jafngildir meðal dagvinnukaupi félagsfólks VR í janúar 2026.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarfólks VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

Því næst kynnti Stefán tillögur að breytingum á reglugerð VR varasjóðs. Um er að ræða þrjár tillögur, að félagsfólk geti nýtt sjóðinn fyrir börn sín, að lágmarksstyrkur úr sjóðnum verði eitt þúsund krónur og að gerð verði breyting á gr. 3.3 þannig að félagsfólki sé bent á Mínar síður fyrir upplýsingar um hreyfingar í sjóðnum í stað þess að félagið sendi yfirlit í pósti.

Umræður

Að loknum umræðum voru tillögurnar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Ákvæði reglugerðar VR varasjóðs sem taka breytingum, eru svohljóðandi (breytingar merktar með rauðu eða yfirstrikunum):

2. gr. Verkefni

2.1. VR varasjóður er upplýsingakerfi um sérgreindan rétt félagsfólks. Í því felst hvatning til félagsfólks til að koma sér upp varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum, auðvelda því að viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaði, til forvarna og auðvelda fólki að njóta orlofs. **Heimilt er að nýta varasjóð í þágu barna félagsfólks.** Kerfið geymir sérgreinda réttindainneign félagsfólks, sem það getur nýtt vegna:

- námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum og greiðslum
- starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- vegna heilsubrests
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- og læknis- og tannlæknaþjónustu
- **kaupa á æfingagjöldum, endurhæfingar- sálfræði- og læknis og tannlækningaþjónustu barna**
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu

Lágmarksfjárhæð styrkumsóknar er 1 þúsund krónur.

3. gr. Tekjur g réttindaávinnsla

...

~~3.3. Félagssólki sem á inneign yfir viðmiðunarmörkum sem stjórn VR ákveður á hverjum tíma, skal a.m.k. einu sinni á ári sent yfirlit ef hreyfing hefur orðið á réttindum á undanliðnum tveimur árum. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.~~

Félagssólki hefur aðgang að inneign og hreyfingum í VR varasjóði á Mínun síðum á vr.is. Félagssólki sem hættir í félaginu fær sent bréf þar sem það er minnt á inneign í VR varasjóði og hversu langan tíma það hefur til að nýta inneign sína í sjóðnum.

Fyrir fundinum lágu tillögur laganefndar að lagabreytingum til að leggja fyrir aðalfund, og benti Halla á að stjórn hafi þegar samþykkt þær, hér væri kynnt útfærsla og orðalag í lögunum vegna þeirra breytinga.

Tillögurnar eru sem hér segir (breytingar merkar með rauðu)

20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista:

Við kosningu til stjórnar:

Ráða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í **aðalstjórn** VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af **öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna.**



Kosning og röðun fjögurra varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns.

Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

Verði fjölgun varamanna samþykkt á aðalfundi, kallar það á breytingar á fleiri greinum í lögum VR sem hér segir:

10. gr. Stjórn – núverandi hljóðan:

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. ...

10. gr. Stjórn – með breytingum (í rauðu):

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og fjórir til vara. ...

21.1. gr. Um kosningu formanns og stjórnar – núverandi hljóðan:

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrír varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

21.1. gr. Um kosningu formanns og stjórnar – með breytingum (í rauðu):

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og fjórir varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

Að þessu loknu lagði Halla fyrir fundinn tilhögun aðalfundar sem var samþykkt samhljóða. Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR eru sér dagskrárliður.

Halla óskar eftir að lengja fundinn um 15 mínútur, engar athugasemdir.

6. Tillögur að breytingum á reglum Sjúkrasjóðs VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „6.0 Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR tillögur að breytingum“ og 6.1 Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR feb 2026“ til samþykktar.

Halla benti á að stjórn hafi þegar samþykkt á fyrri fundum breytingar á reglum sjóðsins, hér væri því ekki um efnislegar umræður að ræða heldur væri verið að fara yfir útfærslur sem lagðar verði fyrir aðalfund í tilfelli reglugerðar sjóðsins.

Stefán kynnti tillögur að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs sem hér segir (hér eru eingungis birt ákvæði sem taka breytingum:

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

...

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ eða BSRB öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

9.4

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjaldið gjald í Sjúkrasjóði til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleysissskrá, töku fæðingaorlofs.

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald til VR af fæðingarorlofsgreiðslum.

9.5 Ef breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá sjálfstætt starfandi eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu sjálfstætt starfandi hafa nýlega gengið í félagið.

9.6 Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.

10. gr. ~~Sjúkra- og slysadagpeningar~~ Dagpeningar

10. gr. ~~Sjúkra- og slysa~~ Dagpeningar

Sjúkrasjóðurinn skal að greiðra sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa. og skulu þeir vera 80% af meðallaunum að frádregnum sjúkradagpeningum frá Sjúkratryggingum Íslands. Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagi fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félaga í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ eða BSRB, sbr. gr. 9.3.

~~Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, og vegna langvarandi veikinda maka. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.~~

Eigi félagi rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

~~Almennt skal það vera skilyrði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga að umsækjandi fari í mat hvort starfendurhæfing sé raunhæf. Ef starfsendurhæfing er metin raunhæf en umsækjandi hafnar henni er heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur.~~

~~Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.~~

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. ~~Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.~~

11. gr. Dánarbætur

~~Heimilt er að veita rétt til greiðslu dánarbóta og styrkja í allt að 2 ár vegna þeirra sem láta af störfum vegna aldurs.~~

167. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

16.1 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. ~~Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðudagpeninga og annarra bóta~~ er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram:

16.2 Umsækjendur um sjúkradagpeninga þurfa að veita samþykki fyrir því að aflað sé upplýsinga úr staðgreiðsluskrá Skattsins á meðan umsókn um sjúkradagpeninga er í gildi.

Þá fór Stefán yfir breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs (hér eru eingungis birt ákvæði sem taka breytingum):

2. gr. Sjúkra- og skysadagpeningar

...

2.2 Gögn sem skila skal inn með umsókn um sjúkradagpeninga eru sjúkradagpeningavottorð sem gefið er út á Íslandi, staðfestingu á hvenær veikindarétti hjá atvinnurekanda lýkur. Heimilt er að óska eftir launaseðlum síðustu [126](#) mánuði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga.

2.3 Hvert samfelld greiðslutímabil er [210-120](#) dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

2.4 [Við langvarandi veikindi er heimilt að lengja greiðslutímabil dagpeninga í allt að 180 daga samtals ef brýn nauðsyn er til vegna sérstakra ástæðna og fjárhagur sjóðsins leyfir. Við ákvörðun um framlengingu á greiðslutímabili skal taka tillit til hvort sjóðfélagi hefur atvinnutekjur, bætur frá almannatryggingum, bótarétt hjá tryggingafélagi, rétt til tímabundinna örorkugreiðslna frá lífeyrissjóði eða rétt til annarra sjúkrabóta. Taka skal tillit til hvort sjóðfélagi hefur atvinnutekjur, bætur frá almannatryggingum, bótarétt hjá tryggingafélagi, rétt til tímabundinna örorkugreiðslna frá lífeyrissjóði eða nýtur annarra sjúkrabóta við ákvörðun um framlengingu á greiðslutímabili.](#)

2.87 Framkvæmdastjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki, vegna sjúkdóms eða slyss, stundað fulla vinnu. Hver dagur sem greitt er fyrir hlutabætur reiknast þó sem heill dagur af þeim [210-120 eða 180](#) sem félagsmaður á rétt til hverju sinni (~~sbr. gr. 2.2~~).

2.98 Greiðslur ~~sjúkra~~ dagpeninga skulu miðast við meðallaun bótaþega, miðað við greiðslur til félags og Sjúkrasjóðs VR, síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður sbr. 10. gr. í reglugerð Sjúkrasjóðs VR. Í reglugerð kemur fram að ef verulegar breytingar hafa orðið á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjurnar sérstaklega og þá yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra en 12 mánuði. Er þar aðallega átt við þegar félagsmaður lækkar verulega í launum vegna veikinda sinna, getur t.d. ekki unnið reglubundna yfirvinnu sem áður var hluti af launakjörum eða að vinnuhlutfall hefur lækkað vegna heilsubreysts. Meðallaun þeirra sem greitt hafa skemur en 6 mánuði til Sjúkrasjóðs VR reiknast skv. eftirfarandi:

[2.10](#) Meðallaun þeirra, sem öðlast hafa rétt til greiðslu ~~sjúkra~~ ~~og slysa~~ dagpeninga úr sjúkrasjóði annars [verkalýðsfélagsstéttarfélags](#), skal finna með því að deila í laun á viðmiðunartímabili með fjölda mánaða sem greitt hefur verið í Sjúkrasjóð VR. Meðallaun þeirra sem ekki hafa átt rétt hjá sjúkrasjóði annars stéttarfélags og ekki hafa greitt til félags- og Sjúkrasjóðs VR, skal finna með því að deila í laun á viðmiðunartímabili með 6 mánuðum, þó svo að greitt hafi verið skemur en 6 mánuði.

~~Sjúkra og slysa dagpeningar skulu vera 80% af meðallaunum enda komi ekki jafnhá eða hærrí greiðsla vegna tímabundinnar örorku samkvæmt ábyrgðartryggingu fyrir sama tímabil.~~

[2.11](#) ~~Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.~~

~~Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa/veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysa~~

[2.12](#) ~~Dagpeningar skv. grein þessari~~ greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. [Sé umsækjandi með opið bótamál greiðast ekki dagpeningar.](#)

~~Sjúkra og slysa dagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er greiðsluþega heimilt að kæra þá ákvörðun til framkvæmdastjórnar sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar. Sjúkrasjóður VR metur hvort senda eigi umsókn til starfendurhæfingaraðila sem metur hvor starfendurhæfing sé raunhæf. Ef umsækjandi hafnar starfendurhæfingu er heimilt að hafna eða afturkalla umsókn um sjúkradagpeninga.~~

[2.14](#) Við langvarandi veikindi barna er heimilt að lengja greiðslutímabil dagpeninga í allt að 180 daga samtals ef brýn nauðsyn er til vegna sérstakra ástæðna og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Við ákvörðun um framlengingu á greiðslutímabili skal taka tillit til hvort sjóðfélagi hefur atvinnutekjur, bætur frá almannatryggingum, bótarétt hjá tryggingafélagi eða rétt til annarra sjúkrabóta. Taka skal tillit til hvort sjóðfélagi hefur atvinnutekjur, bætur frá almannatryggingum, bótarétt hjá tryggingafélagi eða nýtur annarra sjúkrabóta við ákvörðun um framlengingu á greiðslutímabili.

3. gr. Dánarbætur

...

3.2 Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við 60 ára aldur eða síðar hafi það verið fullgilt félagsfólk í samfelld 5 ár áður en það lét af störfum. [Réttur til dánarbóta eldra félagsfólks, eins og það er skilgreint í 3. gr. laga VR, er kr. 712.000. Dánarbætur eru greiddar vegna andláts VR félaga allt að 24 mánuðum eftir að viðkomandi varð eldri félagi.](#)

[Dánarbætur eldra félagsfólks eins og það er skilgreint í 3. gr. laga VR eru sem hér segir Mánuðir frá því að félagsfólk varð eldri félagar:](#)

[1-2412 mánuðir kr. 712.000](#)

[13-24 mánuðir kr. 569.600](#)

[25-36 mánuðir kr. 498.400](#)

[37-48 mánuðir kr. 427.200](#)

[49-60 mánuðir kr. 356.000](#)

[60 mánuðir eða meira 350.000 kr.](#)

4. gr. Styrkir

...

[4.7 Sjóðfélagi sem er fullgildur félagi í VR og hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 12 af síðustu 18 mánuðum fyrir fæðingu barns á rétt á fæðingarstyrk að fjárhæðupphæð kr. 100.000 vegna hvers barns. Styrkurinn nær einnig til ættleiðinga barna yngri en 18 ára.](#)

[Foreldri/sjóðsfélagi þarf að vera í a.m.k. 75% fæðingarorlofi til að eiga rétt á styrk.](#)

[Mögulegt er að nýta styrkinn upp að 24 mánaða aldri barns/barna. Með umsókn þarf að fylgja staðfesting frá Fæðingarorlofssjóði um töku fæðingarorlofs, þar sem hlutfall og lengd fæðingarorlofs kemurkoma fram. Skilyrði fyrir fæðingastyrk er að greitt sé iðgjald til VR af fæðingarorlofsgreiðslum. Greiðsla fæðingarstyrks getur fyrst átt sér stað eftir að greiðsla félagsgjalds af fæðingarorlofsgreiðslum hefur borist félaginu.](#)

5. gr. Samskipti sjúkrasjóð

[56.1](#) Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags innan ASÍ eða BSRB öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Starfsmenn Sjúkrasjóðs VR skulu eftir fremsta megni leiðbeina umsækjendum um sjúkradagpeninga um þau mögulegu réttindi er þeir kunna að eiga hjá öðrum aðilum, stofnunum og félögum.

6. Önnur atriði

[67.4](#) Allar umsóknir skulu samþykktar af sviðsstjóra eða framkvæmdastjóra áður þær eru greiddar. ~~Halda skal vikulega fundi þar sem umsóknir um sjúkradagpeninga eru yfirfarnar og loks greiðslulisti undirritaður og samþykktur af sviðsstjóra.~~

[67.5](#) Séu iðgjöld atvinnurekanda umsækjandans í Sjúkrasjóð VR í vanskilum og umsækjandi er forsvarsmáður atvinnurekanda, maki, skyldmenni eða nákominn að öðru leyti, er Sjúkrasjóði VR heimilt að hafna umsókninni.

[67.6](#) Réttur til bóta miðast við greiðslu iðgjalds. Óheimilt er að skapa sér rétt til bóta með greiðslu iðgjalda aftur í tímann (sbr. 9. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR).

~~7.7 Almennt skal það vera skilyrði styrkja og sjúkradagpeningagreiðsla að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til þess að leggja mat á möguleg endurhæfingaráræði.~~

~~67.89. Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessum starfsreglum skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta [og innheimtukostnaðar](#). ~~Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra [dagpeninga og annarra](#) bóta hafi farið fram. Áður en félagismaður er sviptur bótarétti skal veita honum rétt til andmæla. Tilkynna skal [félagsmanni félaga](#) með sannanlegum hætti ef hann er sviptur bótarétti.~~~~

[Ákvæði til bráðabirgða:](#)

[Breytingar samþykktar með fyrirvara um samþykki aðalfundar VR 25. mars 2026 um breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR.](#)

[Réttur til greiðslu sjúkradagpeninga breytist frá og með 1. maí 2026. Umsóknir sem berast fyrir þann tíma miðast við eldri starfsreglur.](#)

[Breyting á dánarbótum eldri félaga taka gildi frá og með 1. maí 2026 og er þá miðað við dánardag.](#)

[Réttur til greiðslu á fæðingastyrk verður virkur frá og með samþykkt aðalfundar VR 25. mars 2026 er þá miðað við fæðingardag barns.](#)

Halla óskaði eftir að lengja fundinn um 15 mínútur, engar athugasemdir.

Umræður

Í umræðum var spurt um mögulegar skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum vegna fæðingastyrks. Þetta verður skoðað.

Að umræðum loknum var reglugerð Sjúkrasjóðs VR með breytingum lögð fyrir fundinn.

Samþykkt með einni hjásetu.

Þá voru starfsreglur sjóðsins með breytingum lagðar fyrir.

Samþykkt samhljóða.

7. Launakjör formanns og framkvæmdastjóra VR

Fyrir fundinum lá skjalið „7.0 Launakjör formanns og framkvæmdastjóra VR 2026“ til kynningar.

Launanefnd er skylt að upplýsa stjórn árlega um launakjör formanns og framkvæmdastjóra. Engar breytingar hafa verið gerðar á þessum kjörum frá síðustu kynningu nefndarinnar.

8. Reglubundin könnun

Fyrir fundinum lá skjalið „8.0 Reglubundin könnun VR 2026“ til kynningar.

VR gerir kannanir meðal úrtaks úr félagakerfi þrisvar á ári þar sem spurt er um viðhorf til félagsins auk annarra þátta. Könnun var gerð í janúar 2026 meðal greiðandi félagsfólks, 18 ára og eldri, sem hafði skráð netfang í félagakerfinu. Í úrtaki voru 7.500 og var úrtakið tekið í samræmi við skiptingu í félaginu eftir aldri. Alls svöruðu 809 einhverri spurningu eða tæplega 11% og 750 eða 10% svöruðu öllum spurningum.

Helstu niðurstöður voru þessar:

- Traust til VR hækkar marktækt og mælist 70%, en hefur verið á bilinu 61-66% síðustu ár.
- VR félagar **eru marktækt svartsýnni á horfur á vinnumarkaði.**
 - 25% eru svartsýn samanborið við 18% í síðustu könnun.
 - 33% eru bjartsýn samanborið við 43% í síðustu könnun.
- Aðrar mælingar eru á svipuðu róli og verið hefur.

Í könnuninni var einnig spurt um viðhorf félagsfólks til Evrópusambandsins. Spurningar voru sem hér segir:

- Hversu hlynntu/ur eða andvíg/ur ert þú að Ísland hefji aftur aðildarviðræður við Evrópusambandið?
- Hversu hlynntu/ur eða andvíg/ur ert þú aðild Íslands að Evrópusambandinu?
- Hversu hlynntu/ur eða andvíg/ur ert þú upptöku nýs gjaldmiðils á Íslandi?

Marktækt meiri stuðningur er með nýjum gjaldmiðli en aðildarviðræðum eða inngöngu í ESB. Annars er heilt yfir mikil skipting og fylkingar nokkuð jafnar. Niðurstöðurnar voru sem hér segir:

	Með	Á móti	Hvorki né
Aðildarviðræður	41%	36%	23%
Innganga	38%	38%	24%
Nýr gjaldmiðill	47%	29%	24%

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.